

Nd.

394. Frumvarp til laga

[173. mál]

um breyting á lögum um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skotmenn og vökumenn, sem liggja á grenjum, sbr. 5. gr., skulu taka laun fyrir störf sín samkvæmt samningi við aðila þá, er sjá um að vinna greni. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr og yrðlinga, þegar ráðningarkjör veiðimanna þessara eru ákveðin.

Á sama hátt skal semja um kaup þeirra manna, er taka að sér að vinna minka og minkabæli, sbr. 5. gr.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr (fullorðin dýr og yrðlinga), hlaupadýr og mink, skal ákveðið ár hvert af landbúnaðarráðherra, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum og að fenginni umsögn veiðistjóra. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir að dýrin hafi verið unnin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 23. maí 1975.

Greinargerð.

Núgildandi lög um eyðingu refa og minka eru nr. 52 frá 5. júní 1957, og var í þeim ákveðin upphæð verðlauna fyrir unnin dýr, 350 kr. fyrir hvern ref og 200 kr. fyrir mink. Vegna hraðra verðbreytinga hefur reynst nauðsynlegt að breyta lögum þessum á Alþingi á nokkurra ára fresti, til hækkunar á verðlaunum, fyrst 1964, síðan 1971 og 1975, auk þess sem breytingartillögur hafa komið fram, án þess að hljóta afgreiðslu.

Þrátt fyrir lagabreytingar þessar, hefur upphæð verðlauna ekki haldið upphaflegu verðgildi sínu. Sem dæmi má nefna, að samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands ættu verðlaun, sem svöruðu til 350 kr. og 200 kr. árið 1957, að vera í dag, miðað við framfærsluvisitölu, 19 000 kr. fyrir ref og 10 800 kr. fyrir mink. Samkvæmt núgildandi lögum frá 1975, eru verðlaunin fyrir ref (hlaupadýr) 2 500 kr., 1 500 kr. fyrir fullorðin grendýr, 800 kr. fyrir yrðlinga og 4 000 kr. fyrir mink. Veiðistjóri hefur þrúfaldlega, allt frá árinu 1977, bent á, að hin lágu verðlaun skv. núgildandi lögum geti ekki talist hvatning til þeirra fjölmörgu veiðimanna, sem stundað hafa loðdýraveiðar sem áhugamenn og eiga drjúgan þátt í að tekist hefur að halda villtum loðdýrum í skefjum.

Eins og sjá má af framangreindu, hefur núgildandi fyrirkomulag reynst nokkuð þungt í vöfum, þar sem leggja þarf fram tillögu um lagabreytingu á nokkurra ára fresti til þess eins að hækka upphæð verðlauna. Er því lögð fram tillaga um breytingu á 8. og 9. grein laga þessara, sem í sér felur, að hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr, hlaupadýr og mink skuli ákveðið ár hvert af landbúnaðarráðherra, að fenginni umsögn veiðistjóra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum að öðru leyti en því, að niður eru felld ákvæði um hámark verðlauna fyrir unnin dýr.

Um 2. gr.

Niður eru felld ákvæði um upphæð verðlauna. Í þess stað skulu verðlaun ákveðin af landbúnaðarráðherra.